

158. skólanefndarfundur Menntaskólans á Egilsstöðum haldinn á Teams fimmtudaginn 3. febrúar 2022 kl. 17

Mætt voru skólanefndarmennirnir Skúli Björn Gunnarsson formaður, Anna Björk Guðjónsdóttir, Halldór Waren og Sigrún Birna Björnsdóttir auk áheyrnarfulltrúanna Fjólu Orradóttur f.h. foreldra, Elísabethar Önnu Gunnarsdóttur f.h. nemenda og Björns Gísla Erlingssonar f.h. kennara. Fundinn sátu einnig Árni Ólason skólameistari og Jóney Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar

1. Fundargerð síðasta fundar staðfest
2. Gangurinn í starfinu -upphaf vorannar
 - a. Skólakynningar
 - b. Fjarnám
 - c. Fjármál
3. Val vorannar og starfsmannamál vorsins.
4. Önnur mál.
 - a. Skóladagatal 2022-2023 til kynningar og samþykktar
 - b. Kynning á fundargerðum

Skúli Björn Gunnarsson formaður setti fund kl. 17:00. Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar staðfest

Fundargerð 157. fundar er staðfest en bíður undirritunar.

2. Gangurinn í starfinu - upphaf vorannar

Skólameistari sagði frá starfi skólans það sem af er vorannar. Skólakynningar til grunnskólanna hafa gengið vel. Þeim er að verða lokið. Skráning í fjarnám eru um 400 nemendur í um 840 áfanga. Umsóknir nýnema á starfsbraut opnast fljótlega og á vordögum fyrir aðra nýnema. Skólameistari sýndi tölur úr fjárlagafrumvörpum síðustu ára. Fjárlög 2022 gera ráð fyrir 40 milljónum hækkun frá árinu á undan. Sértekjur vegna hótels drógust verulega saman vegna Covid. Einnig voru útgjöld vegna veikinda starfsmanna þung. Áætlaður halli fyrir árið 2021 er 35 milljónir. Skólinn er núna með 305 ársnemendur greidda. Enn fær skólinn, eins og aðrir skólar, 70% greiðslur fyrir einingar þeirra fjarnemenda sem eiga annan skóla sem aðalskóla. Þeir voru um 180 á síðustu haustönn. Þessu vinnulega þarf að breyta inni reiknilíkani ráðuneytis. til að skólar tapi ekki á því að veita þessa mikilvægu þjónustu.

Elísabeth Anna Gunnarsdóttir fulltrúi nemenda sagði frá fyrirhuguðum atburðum í félagslífinu. Framundan er Morfiskeppni við MH, kvikmyndamaráðun og íþróttakeppni.

Miðvikudagsviðburðir hafa verið í vetur eins og hægt hefur verið. Barkinn verður 24. mars og barkaball. Opnir dagar verða þrjár á vorönn, sá fyrsti 17. febrúar sem verið er að undirbúa.

Prófað verður nýtt form á opnum dögum þar sem nú verða þrjár stakir dagar í stað samfellu eins

og verið hefur. Vonir standa til að félagslífið blómstri næstu vikur með auknum tilslökunum varðandi sóttvarnir.

3. Val vorannar og starfsmannamál vorsins

Rannveig Þórhallsdóttir mun fara í leyfi 1. mars. Ólöf Björk Bragadóttir verður í veikindaleyfi á vorönn. Eðlisfræði og jarðfræði er nú leyst með stundakennurum. Auglýst verður í vor eftir kennurum í þær greinar og stærðfræði. Eyrún Arnardóttir og Bylgja Lind Pétursdóttir koma aftur til starfa á seinni spönn eftir barneignarleyfi.

4. Önnur mál

- a) Skólameistari kynnti skóladagatal næsta skólaárs, 2022-2023. Fyrirhugað er að setja skólann 17. ágúst. Skólanefnd samþykkir það fyrir sitt leyti.
- b) Skólameistari lagði fram til kynningar tvær fundargerðir af kennarafundum.
- c) Skólameistari sagði frá endurbótum á nokkrum skólastofum. Þær voru málaðar og sett upp sjónvörp.
- d) Spurt var um niðurstöður úr ytra mati frá haustönn. Skólameistari sagði frá að annar úttektaraðilinn hefði forfallast og nýr muni koma í heimsókn í næstu viku til að kynna sér skólann. Birtingu niðurstaðna seinkar því eitthvað.
- e) Skólameistari sagði að tveir kennarar frá Ungverjalandi hafi boðað komu sína í mars til að kynna sér skólans.
- f) Skólameistari sagði að prófessor sem hefur verið í samstarfi við Skálanes ætli að gefa skólanum dróna.
- g) Rætt var um tengingar við atvinnulífið. Björn Gísli sagði frá samstarfi við Skjalasafn Austurlands og fyrirhugaðri nemendavinnu og heimsóknum þangað.
- h) Björn Gísli sem er formaður umhverfisnefndar sagði frá að skólinn hefði náð 5. skrefinu í grænu skrefunum. Framundan er að halda áætlunum sem tengjast skrefunum. Einnig kynnti hann að fulltrúi Landverndar hafi komið að máli við umhverfisnefnd og vill auka hlut grænfánans á Austurlandi.
- h) Næsti fundur verður 7. apríl kl. 17.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18.


Skúli Björn Gunnarsson



Anna Björk Guðjónsdóttir



Halldór Warén



Sigrún Birna Björnsdóttir

